



KPMG ehf.
Borgartún 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Staðfesting á skýrslu um fjárhagsleg- og sérstök skilyrði vegna prófunar í tengslum við árs hlutareikning

Umboðsmenn kröfuhafa og
Hagar hf.
Holtavegi 10
104 Reykjavík

Staðfesting á skýrslu um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir sem byggir á umsömdu verklagi vegna skuldabréfaflokks HAGA161127

Vísað er til veðhafa og veðgæslusamkomulagsins, dags. 19. janúar 2023, og samnings við staðfestingaraðila, dags. 19. janúar 2023. Hugtök sem skilgreind eru í veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu við staðfestingaraðila skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Vísað er til skýrslu útgefanda um fjárhagsleg- og sérstök skilyrði, dags. 16. október 2025.

Staðfestingaraðili hefur farið yfir skýrslu útgefanda um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir og aðrar upplýsingar sem skýrslan byggir á. Að lokinni sjálfstæðri yfirferð eru niðurstöður staðfestingaraðila eftirfarandi:

Þann 31. ágúst 2025 voru viðkomandi fjárhagslegar og sérstakar kvaðir eftirfarandi miðað við árs hlutareikning:

1. Eiginfjárhlutfall

Eigið fé Haga þann 31. ágúst 2025 nam 39.302 m.kr. Heildareignir skv. efnahagsreikningi sama dag námu 108.219 m.kr. Eiginfjárhlutfall Haga þann 31. ágúst 2025 er því **36,3%**.

Fjárhagslegar kvaðir í skuldabréfaflokknum, HAGA161127, er að eiginfjárhlutfall sé eigi lægra en 25%.

Yfirferð staðfestingaraðila á fjárhagslegum og sérstökum kvöðum samræmist mati útgefanda og skýrsla um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir því staðfest.

Reykjavík, 24. október 2025

Fyrir hönd staðfestingaraðila,
KPMG ehf.